

Samstarf Norrænu ráðherranefndarinnar um félags- og heilbrigðismál

2020



Norrænt barnaping 16. janúar 2020



Efnisyfirlit

Samantekt	2
1. Inngangur	3
2. Norrænt samstarf á sviði heilbrigðismála	4
3. Norrænt samstarf á félagsmálasviði.....	13



Greinargerð til Norðurlandaráðs um samstarf Norrænu ráðherranefndarinnar um félags- og heilbrigðismál

Samantekt

Allt frá árinu 2015 hefur ráðherranefndin um félags- og heilbrigðismál (MR-S) lagt fyrir Norðurlandaráð árlega greinargerð um norrænt samstarf á sviði félags- og heilbrigðismála. Eins og á fyrri árum er lögð megináhersla á að greina frá framvindu aðgerða og verkefna sem hafin voru í framhaldi af 14 tillögum Bos Könberg¹ um framtíðarsamstarf Norðurlandanna í heilbrigðismálum og 14 tillögum Árna Páls Árnasonar til að efla norrænt samstarf á sviði félagsmála².

Í skýrslunni er einnig greint frá framförum sem orðið hafa í norrænu samstarfi um félags- og heilbrigðismál, svo og áformum um frekara þróunarstarf og forgangsröðun í framtíðinni á báðum þessum sviðum. Skýrsla Árna Páls hefur hleypt nýju lífi í norrænt samstarf á félagsmálasviði og lagt grunn að nýjum verkefnum þar sem mest er lagt upp úr aðgerðum sem svara eftirspurn og staðfest er að skila árangri í samræmi við tilmæli sem koma fram í skýrslunni. Á sviði heilbrigðismála eru tillögur Könbergsskýrslunnar undirstaða starfssviðs og verkefna á fagsviðinu.

Einnig er greint stuttlega frá samstarfsverknum á öðrum sviðum félags- og heilbrigðismála, eins og Arjeplog-samningnum, samstarfi um námsbraut í smitvörnum í Gautaborg, norrænu samstarfi um fíkniefnamál, málefni fólks með fötlun, aldursvænar borgir og samstarfsnet um heilabilun, samstarfsnet um síðbúnað afleiðingar kynferðisofbeldis í æsku og starfsemi Norrænu velferðarmiðstöðvarinnar. Bent er á árangur hvað varðar aukna þekkingu og miðlun reynslu á mörgum sviðum, á aðgerðir og starfsemi, t.d. verkefni, útgáfur, ráðstefnur og málþing.

Ný framtíðarsýn fyrir norrænt samstarf og í kjölfarið samantekt á framlagi fagsviðs félags- og heilbrigðismála til framkvæmdaáætlunar vegna framtíðarsýnarinnar, hafa verið miðlæg síðan greinargerð síðasta árs var skilað til Norðurlandaráðs. Jafnframt skal nefnt að yfirstandandi kóróna-faraldur hefur haft mikil áhrif á starf fagsviðsins árið 2020 og orðið til þess að mörg fyrirhuguð verkefni féllu niður.

¹ [Framtíðarsamstarf Norðurlanda í heilbrigðismálum](#)

² [Þekking sem nýtist](#)



1. Inngangur

Árið 2020 hefur starf á sviði félags- og heilbrigðismála einkennst af kóróna-kreppunni, af völdum Covid-19 faraldursins. Faraldrinum hafa fylgt gríðarlegar áskoranir, ekki bara í hnattrænu tilliti heldur einnig á Norðurlöndum. Það hefur haft áhrif á heil samfélög og einstaklinga, ekki síst þá sem standa höllustum fæti, langveikt fólk, börn og ungmenni og kannski mest þá sem eldri eru.

Félags- og heilbrigðismálaráðherrar Norðurlanda, embættismenn og aðrir sem starfa á þessu fagviði, hafa að miklu leyti þurft að forgangsraða tíma sínum og starfsemi til að leita lausna á þessari kreppu. Það hefur einnig þýtt að ráðherrafundir, embættismannafundir og önnur starfsemi hefur verið með rafrænum hætti, og að hætt hefur verið við viðburði eða þeim frestaði. Norrænu heilbrigðisráðherrarnir hafa m.a. átt óformlega fjarfundi á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar þar sem áherslan hefur verið á gagnkvæma miðlun reynslu og upplýsinga um stöðu smita og smitvarna á Norðurlöndum.

Fjórða september var haldin formlegur fundur ráðherranefndar um félags- og heilbrigðismál (MR-S). Umræður ráðherranna snérist einkum um opnunaraðgerðir vegna Covid-19 og norrænt samstarf vegna farsóttu og annars heilbrigðisvanda, m.a. mál sem varða afhendingaröryggi og lyf.

Starf ráðherranefndarinnar frá síðasta Norðurlandaráðsþingi hefur einnig einkennst af starfi að nýrri framtíðarsýn fyrir Norðurlönd sem samþættasta og sjálfbærasta svæði heims. Tillögur til framkvæmdaáætlunar um að gera framtíðarsýnina að veruleika hafa verið ofarlega á dagskrá. Hjá MR-S hefur verið lagt kapp á að sýna hvernig fagsvið félags- og heilbrigðismála á þátt í að efla félagslega sjálfbær Norðurlönd um leið og fagsviðið leggur áherslu á aðgerðir sem tryggja að Norðurlönd séu samkeppnishæft og grænt svæði. Sameiginleg not af heilbrigðisgögnum, stafræn umskipti, nýsköpun og þróun rafrænnar heilbrigðisþjónustu og velferðartækni eru helstu áherslusvið.

Norrænt samstarf um félags- og heilbrigðismál snýst enn um að tryggja sjálfbæra velferð og heilsu á Norðurlöndum með markvissum fyrirbyggjandi aðgerðum, auknum gæðum og öryggi í félagsmála- og heilbrigðiskerfinu, að stuðla að nýsköpun og rannsóknum og að tryggja betur félagslegt öryggi, eins og kemur fram í samstarfsáætlun sviðsins fyrir tímabilið 2017-2021³. Norrænir starfshópar og sérfræðingahópar, samstarfsnet, samstarfsstofnanir og aðrir aðilar eru mikilvæg tæki til að ná þessum markmiðum.

Stefnumarkandi úttekt á norrænu samstarfi um heilbrigðismál sem Bo Könberg vann á árinu 2013 og skýrslan „Framtíðarsamstarf Norðurlanda í heilbrigðismálum“ frá árinu 2014, með fjórtán tillögum um þróun samstarfsins á næstu fimm til tíu árum, hafa sett svip sinn á heilbrigðismálasamstarfið allar götur síðan. Ráðherranefndin (MR-S) ræddi

³ [Norrænt samstarf á sviði félags- og heilbrigðismála: Samstarfsáætlun 2017-2020](#)



skýrsluna í fyrsta sinn á fundi sínum í október 2014 og á síðari fundum hafa ráðherrarnir rætt og ákveðið að ráðast í aðgerðir og verkefni sem byggjast á tillögum skýrslunnar.

Í október 2018 afhenti Árni Páll Árnason skýrslu sína „Þekking sem nýtist – Tillögur um aukið norrænt samstarf á sviði félagsmála“ og hefur hún verið rædd bæði innan MR-S og EK-S 2019-2020. Ákveðið var að byrja á því að leggja drög að aðgerðum sem tengjast fimm af fjórtán tillögum Árna Páls. Þær varða fyrirkomulag Norrænu velferðarmiðstöðvarinnar (NVC) og Norrænu hagsýslunefndarinnar (NOSOSKO), félagslegar aðgerðir með áherslu á notendur, börn og ungmenni í áhættuhópum, fullorðna í áhættuhópum og strjálbýl svæði, það eru tillögur 3, 6, 8, 9 og 13 í skýrslunni. Í framtíðinni hyggst ráðherranefndin skoða nánar kerfisbundið samstarf um þekkingu og verkefni sem nýtast (í starfi) á sviði félagsmála, og eftt samstarf við frjáls félagasamtök, það eru tillögur 1 og 7 í skýrslunni.

Norðurlandaráð hefur jafnan verið mjög áhugasamt um samstarf í félags- og heilbrigðismálum, einkum eftirfylgni með skýrslum Könbergs og Árna Páls. Þetta hefur komið fram í samningum um fjárhagsáætlanir undanfarinna ára og tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar. Norðurlandaráð óskaði m.a. eftir því að ráðherranefndin setti í forgang aðgerðir gegn sýklalyfjaónæmi, stafræna tækni í heilbrigðisþjónustu, áherslu á nýjar fyrirbyggjandi aðgerðir og lýðheilsumál. Einnig eftirfylgni með Könbergskýrslunni og að árleg greinargerð ráðherranefndarinnar um samstarf á sviði félags- og heilbrigðismála frá árinu 2018 fjalli einnig um félagsmál.

Undanfarin ár hefur ráðherranefndin afgreitt fjölda skriflegra fyrirspurna og tilmæla frá Norðurlandaráði á borð við tilmæli um Sameiginlegar aðgerðir Norðurlandanna gegn sýklalyfjaónæmi (Tilm. 3/2017), tilmæli um andlega vanlíðan barna og ungmenna á Norðurlöndum (Tilm. 13/2017), tilmæli um aukið samstarf milli heilbrigðiskerfa Norðurlandanna (Tilm. 30/18) og tilmæli um að Norðurlönd verði í fararbroddi við að sporna gegn félagslegri einangrun (Tilm. 5/2019), tilmæli um samnorræna nefnd um siðfræðilega viðurkenningu á klínískum rannsóknum (Tilm. 6/2019 og Tilm. 7/2019) og tilmæli um rafræna lyfseðla á Norðurlöndum (Tilm. 16/19), svo nokkur dæmi séu nefnd.

2. Norrænt samstarf á sviði heilbrigðismála

2.1 Eftirfylgni Könbergskýrslunnar „Framtíðarsamstarf Norðurlanda í heilbrigðismálum“

Í þessum kafla eru allar tillögur Könberg-skýrslunnar kynntar og greint frá stöðu yfirstandandi verkefna í september 2020.

Tillaga 1

Róttækar aðgerðir gegn auknu sýklalyfjaónæmi

Dregið verði úr notkun sýklalyfja svo hún verði á við það sem lægst gerist í Evrópu áður en fimm ár eru liðin. Auka hagræna hvata til rannsókna á nýjum sýklalyfjum.



Norræna One Health-yfirlýsingin um sýklalyfjaónæmi (AMR) frá árinu 2015 leiddi til þess að Norræna ráðherranefndin jók áherslu á þennan mikilvæga málaflokk og setti á fót norrænan stefnuhóp og norrænan sérfræðingahóp um sýklalyfjaónæmi. Umboð beggja hópanna voru framlengd 2019 um nýtt tveggja ára tímabil fram til 31. desember 2022.

Hvítbók Norðurlandaráðs: „Norden i samlet kamp mod antimikrobiel resistens“ (Sameiginleg barátta Norðurlanda gegn sýklalyfjaónæmi) átti þátt í að vekja athygli á vandanum og eflði starfið í hópunum tveimur. Tillögurnar tólf í hvítbókinni eru meðal viðfangsefna hópanna á yfirstandandi og fyrra formennskuári. Grundvallarkrafa ráðherranefndarinnar er að starfið einskorðist við verkefni sem fela í sér norrænt notagildi og þar sem Norðurlönd geta í sameiningu stuðlað að framförum, einnig alþjóðlega. Sú krafa skiptir einnig sköpum þegar metið verður hvernig halda skuli áfram vinnunni með tillögur hvítbókarinnar. Auk vinnunnar með hvítbókina fjalla hóparnir um mikilvæg sýklalyf, fræðsluáttak um sýklalyfjaónæmi og um sýklalyfjaónæmi í umhverfinu. Hóparnir störfuðu áfram á árinu 2019 þar sem fjallað var nánar um tillögurnar tólf. Stefnuhópurinn ræddi tillögu um að Norðurlöndin skiptust á upplýsingum um reynslu sína af skimun fyrir sýklalyfjapolnum bakteríum í ferskum matvælum og verður það gert út frá tillögu 10 í hvítbókinni um að samhæfa starf matvælaeftirlits og verkaskiptingu yfirvalda landanna.

Á árinu 2019 veitti ráðherranefndin (MR-S) 500 þúsund DKK til verkefnis um sýklalyfjaónæmi í umhverfinu. Markmiðið með því er að kortleggja og skapa yfirsýn yfir kerfisbundna vöktun á sýklalyfjum/sýklalyfjaónæmum bakteríum í umhverfinu á Norðurlöndum. Mikilvægt er að huga að sýklalyfjaónæmi í umhverfi ef takast á að tryggja One Health-hugsunina.

Norræna ráðherranefndin hefur einnig gert samstarfsáætlun með Norður-Rússlandi um sýklalyfjaónæmi. Ráðherranefndin lagði ítarlega greinargerð um framvindu vinnunnar gegn sýklalyfjaónæmi fyrir Norðurlandaráð í mars 2019⁴.

Tillaga 2

Eft samstarf um háserhæfðar meðferðir á Norðurlöndum

Stofnaður verði norrænn hópur háttsettra embættismanna sem hafi reglulegt samráð um þarfir landanna og tækifæri á samstarfi á umræddu sviði.

Ráðherranefndin (MR-S) skipaði á árinu 2016 norræna nefnd um háserhæfðar meðferðir. Meginmarkmiðið er að styðja og festa enn frekar í sessi norrænt samstarf á þessu sviði. Nefndina skipa fulltrúar heilbrigðisyfirvalda í löndunum. Embættismannanefndin (EK-S) samþykkti í febrúar 2018 nýtt starfsumboð fyrir nefndina sem gildir til 31. desember 2019. Norska landlæknisembættið fór með formennsku í nefndinni árin 2018 og 2019 og tók árið 2019 saman mat á norræna samstarfinu ásamt tillögum að því hvernig megi efla samstarf um háserhæfða meðferð í framtíðinni. EK-S samþykkti árið 2020 að formennska í samstarfsnetinu og skrifstofa

⁴ [Greinargerð um vinnu Norrænu ráðherranefndarinnar gegn sýklalyfjaónæmi](#)



ráðherranefndarinnar (NMRS) tækju saman tillögu að nýju starfsumboði til handa nefndinni. Vegna kóróna-faraldurs varð að fresta ráðgerðri starfsemi en hún verður tekin upp aftur haustið 2020. Í kjölfarið verður hægt að ganga frá starfsumboðinu og kynna það fyrir EK-S.

Tillaga 3

Myndun norræns samstarfsnets um sjaldgæfa sjúkdóma

Myndað verði norrænt samstarfsnet sem horfi til framtíðar varðandi sjaldgæfa sjúkdóma með það fyrir augum að efla núverandi og nýjar sameiginlegar aðgerðir svo og samhæfingu aðgerða.

Ráðherranefndin (MR-S) myndaði á árinu 2016 norrænt samstarfsnet um sjaldgæfa sjúkdóma en meginmarkmið þess er að þróa og efla núverandi og nýjar samstarfsleiðir á þessu sviði og bæta samhæfingu sameiginlegra verkefna. EK-S samþykkti endurnýjað umboð fyrir norræna samstarfsnetið um sjaldgæfa sjúkdóma (NNRD, Nordic Network on Rare Diseases) í janúar 2020 og gildir það til 31. desember 2021.

Danmörk fer með formennsku á árinu 2020. Settur var á fót samhæfingarhópur (coordinating body) til að skipuleggja fundi samstarfsnetsins. Í samhæfingarhópnum eru fulltrúar norrænna heilbrigðis- eða félagsmálayfirvalda, frá þekkingarsetrum um sjaldgæfa sjúkdóma ásamt fulltrúa norræns tengslanets samtaka sjúklinga (SBONN). Samstarfsnetið vinnur á árinu 2020 áfram með þá faglegu stefnu sem samin var 2019.

Tillaga 4

Norræn netmiðstöð fyrir rannsóknir sem byggja á gagnagrunnum

Efla skal rannsóknasamstarf tengt gagnagrunnum, lífsýnabönkum og klínískum rannsóknum. Innleiða þarf líkan fyrir gagnkvæma viðurkenningu á siðferðilegu mati á norrænum rannsóknarverkefnum.

Noregur gegndi formennsku á árinu 2017 og átti þá frumkvæði að forgangsverkefni til þriggja ára, „Nordisk forskningsamarbeid for bedre helse 2017–2019“ (Norrænt rannsóknasamstarf um betra heilsufar 2017–2019). Meginmarkmið verkefnisins er að gera úttektir, vinna tillögur og hugsanlega ráðast í nýjar aðgerðir í því skyni að efla, hagræða og halda áfram aðgerðum sem geta falið í sér einföldun og sparnað jafnframt því að auðvelda norrænum vísindamönnum að vinna saman að heilbrigðisgögnum og klínískum rannsóknum. Verkefnið byggir á tillögu 4 í Könbergskýrslunni en hún skiptist í þrjú hlutaverkefni, viðurkenningu á siðferðilegu mati, norrænar lausnir til að gera heilbrigðisgögn aðgengilegri og frekari þróun samstarfs um klínískar rannsóknir. Heildarfjárveiting verkefnisins nemur 7,3 milljónum DKK (2017–2019). Í apríl 2018 voru 38 milljónir NOK í boði þegar auglýst var eftir umsóknum um styrki til klínískra rannsókna á krabbameini í börnum. Féð kemur úr forgangsverkefnasjóðnum, frá norska krabbameinsfélaginu og norska rannsóknaráðinu.



Embættismannanefndin (EK-S) ákvað einnig að ráðstafa 500 þúsundum DKK til fjármögnunar á eftirfylgni hlutaverkefnis 1, „siðferðilegt mat“ í því skyni að undirbúa og koma á fót norrænni upplýsingagátt.

NordForsk hefur meðal annars haft umsjón með hlutaverkefninu um heilbrigðisgögn, en niðurstöður þess koma fram í skýrslunni „[A vision of a Nordic secure digital infrastructure for health data: The Nordic Commons](#)“. Skýrslan kom út 10. desember 2019 og norrænt samstarf um heilbrigðisgögn verður áherslusvið framvegis í framkvæmdaáætlun um nýja framtíðarsýn.

Tillaga 5

Aukið samstarf um aðgerðir til að bæta lýðheilsu

Löndin ættu í auknum mæli að skiptast á reynslu um lýðheilsuáttal, einkum varðandi tóbaksneyslu og áfengismisnotkun.

Tillaga 6

Norrænn vettvangur um lýðheilsu til að draga úr heilsuójöfnuði

Stofna á norrænan vettvang fyrir tillögur um norræn verkefni og aðgerðir í því skyni að draga úr ójöfnuði í heilbrigðismálum.

Ráðherranefndin (MR-S) sendi frá sér yfirlýsingu um norrænt lýðheilsusamstarf á árinu 2016. Norrænn lýðheilsuvettvangur hefur verið stofnaður en hann á að efla stefnumótun og aðgerðir til að bæta lýðheilsu og draga úr ójöfnuði í heilsufari í löndunum. Búið verði í haginn fyrir sameiginleg þróunarverkefni um góðar forvarnir og heilsuþætandi aðgerðir. Norræna velferðarmiðstöðin (NVC) er umsýslustofnun norræna lýðheilsuvettvangsins.

Starf lýðheilsuvettvangsins hófst á því að fjalla um *ójöfnuð hvað varðar heilsufar, geðheilsu og áfengi, fíkniefni og tóbak*. Ráðherranefndin (MR-S) og embættismannanefndin (EK-S) ráðstöfuðu um 11,5 milljónum DKK til samstarfsins á árunum 2016–2018. Afrakstur starfsins, þar á meðal skýrslur, er að finna á vefsíðu Norrænu velferðarmiðstöðvarinnar⁵:

Óháð mat var gert á Lýðheilsuvettvanginum á árinu 2018. Niðurstaðan var sú að vettvangurinn væri afar gagnlegur í norrænu samstarfi um lýðheilsuáttal. Embættismannanefndin (EK-S) ákvað því að framlengja umboð vettvangsins fyrir árin 2019 og 2020. Gert er ráð fyrir að umboðið verði endurnýjað fyrir tímabilið 2021–2023.

Tillaga 7

Hreyfanleiki sjúklinga innan Norðurlanda

Meta skal áhrif innleiðingar á tilskipun ESB um frjálsa för sjúklinga í norrænu löndunum og stefnt að enn frekari útvíkkun réttarins til að leita sér heilbrigðisþjónustu í öðru norrænu landi.

⁵ <https://nordicwelfare.org/publikationer/>



Tilskipun ESB um frjálsa för sjúklinga var samþykkt í mars 2011. Reglum um heilbrigðisþjónustu yfir landamæri, sem tilskipunin kveður á um, er stjórnað í tengslum við reglur um samhæfingu almannatrygginga, í samræmi við reglugerð 883/2004, og er einnig hluti af EES-samningnum. Markmið tilskipunarinnar er að veita borgurum tækifæri til að velja meðferð í öðru ESB/EES-ríki. Framkvæmdastjórn ESB safnar á hverju ári gögnum um tilskipun um öryggi sjúklinga frá hverju landi, þ.m.t. norrænu löndunum.

Á fundi EK-S í janúar 2020 var samþykkt að veita 500 þúsundum DKK til að kortleggja það hvernig innleiðingu ESB-tilskipunar um frjálsa för sjúklinga miðar með möguleg tilmæli varðandi þróun málaflokksins í norrænu samstarfi í huga. Gert er ráð fyrir að samið verði umboð fyrir þetta starf árið 2020.

Tillaga 8

Öflugra samstarf um velferðartækni

Móta sameiginlega norræna skilgreiningu og stefnumið fyrir velferðartækni í því skyni að samræma staðla fyrir velferðartæknivörur. Notendur verði hafðir með í ráðum í þróunarstarfinu.

Ráðherranefndin ræddi tillöguna í mars 2018. Formennskulandið Svíþjóð átti frumkvæði að forgangsverkefni til þriggja ára um „lausnir í fjarlækningum og -hjúkrun, ásamt rafrænum lyfseðlum“ (VOPD-verkefnið) með fjárveitingu upp á 12 milljónir DKK. Stór hluti verkefnisins snýst um þróun og notkun velferðartækni en hluti þess fjallar um rafræna lyfseðla yfir landamæri Norðurlandanna. Þegar kortlagningu á norrænum velferðartæknilausnum lauk voru 24 þeirra birtar á haustdögum 2019⁶ og 19 til viðbótar á heimasíðu verkefnisins í janúar 2020⁷.

Þá hafa tvisvar verið auglýstir styrkir vegna sérfræðiþjónustu fyrir sveitarfélög og svæði í sambandi við innleiðingu á nýrri velferðartækni til reynslu í félags- og heilbrigðisþjónustu. Auk þess ákvað embættismannanefndin (EK-S) að veita 500 þúsundum DKK til Nordregio, rannsóknastofnunar á sviði byggða- og skipulagsmála, vegna sérútgáfu á ritinu „State of the Nordic Region“, sem fjallar um velferð á strjálbýlum svæðum og kemur út haustið 2020.

Á árinu 2020 hefur EK-S einnig veitt 500 þúsundum DKK til greiningar á velferðartækni og fjarþjónustu á heilsu- og umönnunarsviði út frá umhverfissjónarmiði, ásamt 500 þúsundum DKK til að greina áhrif velferðartækni og fjarlausna á fagmenntun og skipulag heilbrigðisþjónustu og umönnunar á strjálbýlum svæðum. „Vård och omsorg på distans“ (fjarheilbrigðisþjónusta) verður einnig áherslusvið í framkvæmdaáætlun vegna nýrrar framtíðarsýnar.

⁶ <https://www.healthcareatdistance.com/publications/>

⁷ <https://www.healthcareatdistance.com/>



Innleiðing rafrænna lyfseðla yfir landamæri er nokkuð misjafnlega langt komin í norrænu löndunum. Endanleg stöðuskýrsla verður tekin saman innan ramma verkefnisins og enn er verið að skoða og leita lausna á lagalegum og tæknilegum hindrunum. Sjá einnig tillögu 9.

Tillaga 9

Aukið samstarf um rafrænar heilbrigðislausnir

Samstarf um rafræna lyfseðla heldur áfram. Stofna norrænt vefbókasafn um heilbrigðismál og þróa norræna leitarvél fyrir „Min pasient“ (Sjúklingurinn minn).

Ráðherranefndin ræddi tillöguna í mars 2018. Þegar á árinu 2010 hóf Norræna ráðherranefndin að undirbúa sameiginlegan vettvang um rafrænar heilbrigðislausnir. Síðan hefur sú vinna farið fram á tveggja ára starfstímabilum í senn og núgildandi umboð gildir til 31. desember 2020. Samstarfsnet um rafrænar heilbrigðislausnir leggur áherslu á miðlun þekkingar og reynslu ásamt umræðu um stefnumótun og pólitísk markmið sem einnig fela í sér að styrkja stöðuna gagnvart ESB varðandi verkefni eins og t.d. „Connecting Europe Facility på eRecept“, samstarf um vísa sem tengjast Efnahags- og framfarastofnuninni (OECD), Alþjóðaheilbrigðismála-stofnuninni (WHO) og ESB auk þess að efla samstarf um norræna staðla fyrir persónugreinanleg heilbrigðisgögn, einkum í sambandi við frjálsa för yfir landamæri.

Norðurlönd eru framarlega á sviði notkunar rafrænna lyfseðla innanlands, en til þess að hægt verði að nota þá yfir landamæri þarf frekari þróun og huga þarf nánar að löggjöf. Frá því í byrjun árs 2020 hefur verið hægt að senda rafræna lyfseðla á milli Finnlands og Eistlands. Einnig hafa verið tekin saman leiðbeinandi dæmi (um rafræna lyfseðla) vegna deilingar á heilbrigðisgögnum yfir landamæri, sem seinna er hægt að þróa frekar með útdráttum úr sjúkraskrá og öðrum rafrænum heilbrigðisgögnum.

Þá vinnu ber að skoða með hliðsjón af hlutaverkefni VOPD-verkefnisins um rafræna lyfseðla sem getið var í tillögu 8.

Tillaga 10

Aukið norrænt samstarf á sviði geðlækninga

Standa að árlegum leiðtogafundi um geðlækningar, auka miðlun þekkingar og reynslu af líkönum fyrir bestu starfshætti á þessu sviði.

Ráðherranefndin hefur skipað norrænan starfshóp um geðlækningar. Sérfræðingahópurinn hefur umsjón með samfelldu norrænu samstarfi um úrræði fyrir einstaklinga með geðræna kvilla og samkvæmt samningi við embættismannanefndina (EK-S) er ráðgert að efna til norræns leiðtogafundar annað hvert ár. Umboð starfshópsins hefur verið endurnýjað og gildir út desember 2021 og hópurinn hefur breytt um nafn og heitir nú *norrænn starfshópur um geðheilsu*. Starfshópurinn mun sem



fyrir leggja sérstaka áherslu á börn og ungmenni ásamt forvörnum gegn sjálfsvígum og félagslegum ójöfnuði varðandi geðheilsu.

Formennskulandið Ísland hélt leiðtogafund í mars 2019 undir yfirskriftinni „Children's Emotional Wellbeing – the school as the venue for mental health promotion, prevention and early intervention“. Næsti leiðtogafundur er fyrirhugaður 2021 þegar Finnar fara með formennsku. Starfshópurinn stendur fyrir árlegum minni málþingum um sérstök þemu, en vegna Covid-19 faraldursins hafa ekki verið haldin málþing það sem af er 2020.

Í framhaldi af tilmælum 13/2017 frá Norðurlandaráði veitti ráðherranefndin styrk til kortlagningar á stafrænum tólum til eflingar geðheilsu barna og ungmenna á Norðurlöndum. Gert er ráð fyrir að niðurstaðan verði birt haustið 2020.

Tillaga 11

Víðara starfsumboð fyrir samstarf um heilbrigðisviðbúnað

Norræni heilbrigðisviðbúnaðarhópurinn (Svalbarðahópurinn) á að fá víðara starfsumboð. Það á að ná til allra þátta samstarfsins um heilbrigðisviðbúnað.

Ráðherranefndin (MR-S) samþykkti útvíkkað umboð fyrir heilbrigðisviðbúnaðarhópinn (Svalbarðahópurinn) og tók það gildi 1. janúar 2017. Með tilliti til nýja umboðsins tók Svalbarðahópurinn saman stefnumiðaðan ramma um starf hópsins til næstu fimm til tíu ára. Embættismannanefndin (EK-S) samþykkti rammann í september 2017. Svalbarðahópurinn á að stuðla að skilvirkri hættustjórnun á sviði félags- og heilbrigðismála á Norðurlöndum. Samstarfið á að einkennast af skilvirkni, trausti, sveigjanleika og gagnkvæmri þekkingarmiðlun. Svalbarðahópurinn á að taka þátt í að tilgreina svið sem þjóna sameiginlegum hagsmunum Norðurlandanna um að auka áhrif sín á alþjóðavettvangi. Hópurinn á jafnframt að tryggja gott samhengi milli hættustjórnunar á heilbrigðisviði og félagsmálasviði. Megináhersla í starfi Svalbarðahópsins 2020 hefur verið yfirstandandi kóróna-faraldur en þar hefur meðal annars verið litið til þess hvernig við getum lært af reynslu hvers annars af mismunandi aðgerðum og stefnumótun og eins hvernig hægt er að vinna nánar saman á Norðurlöndum þegar heimsfaraldur geisar og í heilbrigðiskreppum í framtíðinni.

Á vegum Svalbarðahópsins er búið að þróa norrænt kerfi fyrir meðferð brunameiðsla í því skyni að nýta sem best samanlagða viðbúnaðargetu landanna ef alvarleg brunaslys verða á Norðurlöndum. Kerfið tók gildi í janúar 2019.

Norræn ráðstefna um heilbrigðisviðbúnað er haldin árlega. Á árinu 2019 var þemað: „Health Hazard Preparedness and responses in small communities with limited resources“.



Tillaga 12

Aukið norrænt samstarf um lyfjamál til að auka hagkvæmni og öryggi.

Stofna sameiginlegt apótek fyrir sjaldgæf lyf og auka samstarf um slík lyf. Auka miðlun upplýsinga um innkaupasamninga og notkun nýrra lyfja.

Ráðherranefndin (MR-S) brást við tillögunni með því að ráðast í kortlagningu á reynslu landanna á sviði lyfjamála. Út frá niðurstöðum kortlagningarinnar ákvað ráðherranefndin (MR-S) á vordögum 2017 að koma fastri skipan á norrænan vinnuhóp um skipti á upplýsingum og reynslu af verðlagningu og niðurgreiðslu lyfja. Óformlegur vinnuhópur hefur starfað um margra ára skeið og fengist aðallega við upplýsingaskipti um verðlagningu og niðurgreiðslur. Markmiðið með því að gera hópinn formlegan er að setja fastan ramma um gagnkvæm skipti norrænna yfirvalda á upplýsingum og reynslu af verðlagningu lyfja. Allt ferlið er tekið fyrir, frá forspám um ný lyf (Horizontal scanning) til dreifingar. Gert er ráð fyrir að endurnýjað umboð fyrir hópinn vegna tímabilsins 2021-2023 verði samþykkt á haustdögum 2020 og mun það einnig ná til afhendingaröryggis og umhverfismála.

Danmörk og Noregur gerðu með sér viljayfirlýsingu þar sem óskað er eftir sameiginlegum samningaviðræðum um verð á tilteknum lyfjum. Var hún undirrituð af heilbrigðisráðherrum landanna tveggja í september 2018. Ísland undirritaði yfirlýsinguna síðar og hinum Norðurlöndunum stendur til boða að gera hið sama. Í maí 2019 var fyrsta sameiginlega útboðið framkvæmt þar sem áherslan var á að bæta afhendingaröryggi á lífsnauðsynlegum lyfjum sem hafa verið lengi á markaði og sem hefur verið samkeppni um.

Auk þess hefur embættismannanefndin (EK-S) margsinnis vakið máls á þeim vandkvæðum að ólíkar kröfur eru gerðar um merkingar á lyfjum og tungumál á fylgiseðlum lyfja. Heilbrigðismálaráðherrar Norðurlandanna sendu bréf til framkvæmdastjórnar ESB 10. júlí 2019 þar sem óskað er eftir sveigjanlegri kröfum um fylgiseðla lyfja í þá veru að hægt verði að láta rafræna fylgiseðla nægja, en það gæti einfaldað markaðssetningu og upplýsingar um lyfin á fámennum málsvæðum. Málið var einnig rætt á námsstefnu sem formennskulandið Ísland stóð fyrir í október 2019.

Tillaga 13

Ný norræn embættismannaskipti (tilraunaverkefni)

Efla núgildandi samning um *mannaskiptaáætlun embættismanna* með viðbættu ákvæði sem gefur kost á stuttri dvöl fyrir starfsfólk sem starfar að heilbrigðismálum í viðkomandi ráðuneytum.

Ráðherranefndin (MR-S) hefur ákveðið að halda tilraunaverkefninu um embættismannaskipti áfram þar sem starfsfólki hlutaðeigandi ráðuneyta gefst kostur á stuttri dvöl. Tilraunaverkefnið hófst í september 2015 og fékk jákvætt mat á haustdögum 2016. Verkefnið hefur þannig verið framlengt margsinnis, síðast í upphafi 2020. Skrifstofan kannar möguleika á varanlegri lausn.



Tillaga 14

Norrænt samstarf um sérfræðinga landanna sem starfa hjá framkvæmdastjórn Evrópusambandsins

Nýtt óformlegt samstarf um staðsetningu sérfræðinga landanna í félags- og heilbrigðismálum hjá framkvæmdastjórn ESB í því skyni að nýta betur fé og mannafla landanna.

Ráðherranefndin (MR-S) ákvað í mars 2017 að viðeigandi ráðuneyti á Norðurlöndum skyldu skiptast á nöfnum sérfræðinga frá löndunum og norræns starfsfólks hjá framkvæmdastjórn ESB. Meginmarkmiðið er að auðvelda ráðuneytisstarfsmönnum og hvetja þá til að mynda tengslanet við framkvæmdastjórn ESB. Fundur var haldinn í Brussel dagana 9. og 10. október 2019 með embættismannanefndinni (EK-S), sérfræðingum frá löndunum, norrænu starfsfólki á hinum ýmsu stjórnarsviðum framkvæmdastjórnarinnar í Brussel og norrænum sendifulltrúum á sviði félags- og heilbrigðismála. Þar að auki hittist óformlegt samstarfsnet yfirmanna alþjóðaskrifstofa félags- og heilbrigðisráðuneyta einu sinni til tvisvar á ári til að fjalla um aðkallandi málefni.

2.2 Sjúklingaöryggi og hreyfanleiki: Eftirlitsupplýsingar og Arjeplogsamningurinn

Í mars 2017 samþykkti ráðherranefndin breytingar á norræna samningnum um sameiginlegan norrænan vinnumarkað fyrir ákveðnar heilbrigðisstéttir og dýralækna, svonefndum Arjeplogsamningi (samþykktur á fyrsta fundi ráðherranefndarinnar 2015, MR-S 1/15). Þær fela í sér að ný ákvæði um skipti á eftirlitsupplýsingum eru felld inn í samninginn.

Endurskoðaður samningur var undirritaður 11. desember 2018 í Stokkhólmi og öðlaðist gildi 1. febrúar 2020.

2.3 Norræn námsbraut í smitvörnum og hreinlæti á sjúkrahúsum

Ráðherranefndin (MR-S) hefur sett á fót norræna námsbraut í smitvörnum og hreinlæti á sjúkrahúsum frá 2019. Háskólanum í Gautaborg hefur verið falið að sjá um námsbrautina. Færniþróun á sviði smitvarna er mikilvæg til að koma í veg fyrir útbreiðslu smitsjúkdóma og sýklalyfjaofnæmis. Um 20 nemendur hófu nám í september 2019. Námið er tveggja ára nám á meistarastigi en einnig er hægt að ljúka því á lengri tíma.

Háskólinn í Gautaborg hyggur á náðið samstarf við Sahlgrenska háskólasjúkrahúsið og lýðheilsustofnanir í norrænu löndunum. Einnig verður íhugað samstarf við aðrar norrænar menntastofnanir.



2.4 Norrænt samstarf um ávana- og fíkniefnamál

Heilbrigðisráðuneyti Norðurlandanna og aðrar stofnanir sem starfa að ávana- og fíkniefnamálum hafa með sér óformlegt samstarf á norrænum vettvangi um ávana- og fíkniefni.

Haustið 2019 fundaði Norræni fíkniefnavettvangurinn í Reykjavík. Á fundinum var einkum fjallað um áherslu Noregs á afgangsmikla fíkniefna. Í desember 2019 kynnti norsk nefnd um breytingar á fíkniefnalöggjöf, umfangsmikla skýrslu um afgangsmikla fíkniefna í Noregi. Á fundinum var einnig fjallað um áhrif þess að vinna með neyslurými og naloxson-verkefni.

Norrænt samstarf um ávana- og fíkniefnamálefni á sér einnig stað hjá Norrænu velferðarmiðstöðinni (NVC) sem miðlar norrænni þekkingu og sér um að samhæfa rannsóknaverkefni á þessu sviði. Norræna velferðarmiðstöðin tekur saman rannsóknaniðurstöður og birtir þær í tímaritinu Nordic Studies on Alcohol and Drugs (NAD) og á alþjóðlegu vísindagáttinni PopNAD.

Í janúar 2020 stóðu NVC og Norðurlönd í fókus fyrir málþingi um kannabis í Helsinki undir fyrirsögninni „afglæpavæða eða ekki“? Vorið 2020 bauð American Psychopathological Associations NVC til New York til að kynna skýrsluna „treatment of cannabis-related problems in the Nordic countries“, en hún var tekin saman innan ramma lýðheilsuvettvangsins.

3. Norrænt samstarf á félagsmálasviði

3.1 Stefnumarkandi úttekt á félagsmálasviði

Ráðherranefndin (MR-S) fól Árna Páli Árnasyni, fyrrum félags- og tryggingamálaráðherra og efnahags- og viðskiptaráðherra Íslands, að vinna stefnumarkandi úttekt á félagsmálasviðinu. Skýrsla hans „Þekking sem nýtist – Tillögur um aukið norrænt samstarf á sviði félagsmála“ byggist á þeirri úttekt⁸. Annika Strandhäll, félagsmálaráðherra Svíþjóðar, tók við skýrslunni 16. október 2018 og hefur ráðherranefndin (MR-S) hafist handa við að forgangsraða þeimum fyrir komandi verkefni.

⁸ [Þekking sem nýtist](#)



14 tillögur um aukið norrænt samstarf á sviði félagsmála

Norrænt samstarf í félagsmálum byggir á þekkingu og ráðist af þörf

1. Skipulagt þekkingarsamstarf og samstarf um aðgerðir sem skila árangri
2. Samstarf sem ræðst í auknum mæli af þörf
3. Þróun stofnana norræns félagsmálasamstarfs

Lykilverkefni norræns samstarfs í velferðarmálum

4. Félagsleg nýsköpun
5. Félagslegar fjárfestingar og forvarnir
6. Félagslegar aðgerðir með áherslu á notandann
7. Frjáls félagasamtök

Aukið norrænt samstarf um málefni barna og ungmenna, jaðarsetts fólks, aldraðra og fólks með fötlun

8. Börn og jaðarsett ungmenni
9. Jaðarsett fólk
10. Aldraðir
11. Fólk með fötlun

Félagslegar aðgerðir í víðara samhengi

12. Stefna í húsnæðis- og félagsmálum
13. Strjálbýl svæði
14. Alþjóðlegt samstarf

Á fundi embættismannanefndarinnar (EK-S) í september 2020 var fjallað um framvinduna vegna fimm af fjórtán tillögum Árna Páls. Þær varða Norrænu velferðarmiðstöðina (NVC), Norrænu hagsýslunefndina (NOSOSKO) og félagslegar aðgerðir með áherslu á notendur, börn og ungmenni í áhættuhópum, fullorðna í áhættuhópum og strjálbýl svæði, það eru tillögur 3, 6, 8, 9 og 13 í skýrslunni. Á fundinum var einnig ákveðið að hefja vinnu vegna tillögu 1 um þekkingu og aðgerðir sem skila árangri og vegna tillögu 7 um hlutverk frjálsra félagasamtaka á félagsmálasviði.

Tillaga 1

Skipulagt þekkingarsamstarf og samstarf um aðgerðir sem skila árangri á félagsmálasviði

EK-S samþykkti að veita forgang tillögu 1 um að efla samstarf um þekkingu og aðgerðir sem skila árangri. Tillagan er sem rauður þráður í 14 tillögum úttektarinnar og er í samræmi við titilinn „Þekking sem nýtist“. Á Norðurlöndum vinnum við æ meir út frá sömu nálgun og ósk um félagsmálastefnu og aðgerðum sem skila árangri.



Velferðarsamfélög okkar og félagsleg kerfi eru mjög sambærileg, einkum séð út frá hnattrænu og evrópsku sjónarhorni. En norrænu löndin geta gert betur í miðlun þekkingar og reynslu á sviði félagsmála.

Einnig má nefna að 2019 veitti EK-S fjármagni til samantektar á þekkingu um ungt fólk í áhættuhópum, félagslega einangrun og aðlögun. Samantektin á að veita yfirsýn yfir aðgerðir sem hafa skilað árangri varðandi aðlögun og aðgengi að samfélaginu, með áherslu á ungt fólk á aldrinum 13 til 29 ára. Gert er ráð fyrir að samantektin verði tilbúin í nóvember 2021.

Tillaga 3 Þróun stofnana norræns félagsmálasamstarfs

Tillaga 3 í skýrslunni felur í sér tillögur sem varða Norrænu velferðarmiðstöðina og NOMESKO/NOSOSKO

Norræna velferðarmiðstöðin

2018 samþykkti EK-S að koma á fót starfshópi til að semja nýtt stefnumarkandi umboð fyrir NVC. 2019 voru haldnar tvær málstofur í starfshópnum og á þeim grunni var tekin saman tillaga að nýju stefnumótandi umboði fyrir NVC ásamt tillögu að breytingu á samþykktum NVC. Nýtt stefnumótandi starfsumboð fyrir tímabilið 2021-2024 var samþykkt 2020 og mun öðlast gildi í janúar 2021.

Norræna nefndin um heilbrigðisskýrslur (Nomesko) og Norræna hagsýslunefndin (Nososko)

2019 samþykkti EK-S starfsumboð fyrir sérfræðingahóp sem átti að endurskoða nýtt stefnumótandi starfsumboð fyrir NOMESKO-NOSOSKO. 2019-2020 voru haldnar tvær málstofur í starfshópnum um endurskoðun sem skilaði nýju starfsumboði fyrir nefndirnar. Umboðið var samþykkt í september 2020 og mun það öðlast gildi 1. janúar 2021.

Tillaga 6 Félagslegar aðgerðir með áherslu á notandann

2019 samþykkti EK-S að halda áfram með 5 forgangsmál sem öll snerta þemað þátttaka notenda: Þekking og miðlun reynslu um þátttöku notenda sem virkar, eft samtal við frjáls félagasamtök um jaðarsetta fullorðna, aukin áhersla á réttindi barna, aukid samráð við jaðarsett ungmenni og nýtt norrænt tengslanet um þátttöku notenda. Meðal annars stendur til að halda leiðtogafund fyrir samtök almennings með áherslu á jaðarsetta fullorðna, leiðtogafund ungs fólks með áherslu á geðheilsu og koma á fót nýju tengslaneti um þátttöku notenda sem NVC mun hafa umsjón með.

Vegna Covid-19 faraldsins hefur ekki verið hægt að framkvæma allt sem ráðgert var fyrir árið 2020.



Verkefni vegna tillögu 8 um jaðarsett börn og ungmenni og tillögu 9 um jaðarsetta fullorðna beina einnig sjónum að þátttöku notenda.

Tillaga 8
Jaðarsett börn og ungmenni

Í janúar 2020 var Norrænt barnaþing, í tilefni af 30 ára afmæli barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna, haldið í FN-Byen, bælistöðvum SP, í Kaupmannahöfn, með þátttöku 65 barna og ungmenna á aldrinum 12-16 ára og u.þ.b. 60 fullorðinna fulltrúa frá öllum norrænu löndunum, Færeyjum, Grænlandi og Álandseyjum. Barnaþingið var skipulagt af Unicef í samstarfi við Norrænu ráðherranefndina, danska félagsmála- og innanríkisráðuneytið og danska Barnaráðið.

Eitt meginmarkmið Barnaþingsins var að vekja athygli á Barnasáttmála SP, *einkum 12. grein um rétt barna til að láta skoðanir sínar í ljós*, og að styðja við framlag barna til vinnu Norrænu ráðherranefndarinnar að því að koma á fót nýjum vettvangi og möguleikum fyrir samráð og þátttöku.

Á barnaþinginu lögðu sendifulltrúar barnanna fram [sameiginlega ályktun](#) þar sem koma fram tillögur að innleiðingu, bæði varðandi skóla, fjölskyldu, tómstundir og samfélög. Börnin leggja m.a. áherslu á þörf fyrir meiri þekkingu á geðrænum vandamálum og betra skipulag og aðgang allra barna í skólum og samfélaginu að aðstoð vegna geðrænna vandamála, t.d. hjá hjúkrunarfræðingi, skólasálfræðingi og félagsráðgjafa. Einnig er lögð áhersla á þörf fyrir fleiri staðbundnar aðgerðir til að sporna gegn vanlíðan og einmanaleika.

Tillaga 13
Strjálbýl svæði

Embættismannanefndin (EK-S) ræddi einnig á tímabilinu 2019-2020 tillögur að norrænum verkefnum sem varða strjálbýl svæði á grundvelli tillögu 13 í skýrslu Árna Páls. Einnig er í bígerð að standa fyrir rafrænu málþingi sveitarfélaga um velferðarmál á strjálbýlum svæðum með áherslu á heilbrigðis- og umönnunarmál, í desember 2020.

Annað samstarf á félagsmálasviði

Á félagsmálasviðinu hafa um margra ára skeið verið í gangi ýmis samstarfsverkefni, til að mynda um öldrunarmál, málefni fólks með fötlun, fullorðna í áhættuhópum og norræna samninginn um félagslega aðstoð og félagslega þjónustu. Hér á eftir er gerð grein fyrir nokkrum verkefnum og starfsemi Norrænu velferðarmiðstöðvarinnar.



3.2 Norrænt samstarf um hindranir á vegi fólks með fötlun

Norrænt samstarf um málefni fólks með fötlun er þríþætt: Fötlunarráðið, framkvæmdaáætlun fyrir norrænt samstarf um málefni fólks með fötlun og starf Norrænu velferðarmiðstöðvarinnar á sviðinu.

Starfsumboð Fötlunarráðsins gildir fyrir tímabilið 2018-2022. Ráðið skipa sérfræðingar tilnefndir af norrænum stjórnvöldum og fulltrúar regnhlífarsamtaka landanna á sviði fötlunarmála. Ráðið hefur umsjón með samstarfi á þessu sviði og verkefni að beiðni ráðherranefndarinnar en það getur einnig sjálft tekið frumkvæði. Norræna velferðarmiðstöðin er umsýslustofnun Norræna fötlunarráðsins.

Framkvæmdaáætlunin fyrir norrænt samstarf um málefni fólks með fötlun á tímabilinu 2018–2022 hefur þrjú áherslusvið: Mannréttindi, sjálfbæra þróun og frjálsa för. Samstarfið byggir á mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna, einkum sáttmála um réttindi fólks með fötlun (UNCRDP), heimsmarkmiðum SP um sjálfbæra þróun (Dagskrá 2030) og stefnu í velferðarmálum.

Norræna velferðarmiðstöðin (NVC) safnar og miðlar þekkingu og hefur umsjón með tengslanetum á þessu sviði, meðal annars um börn og ungmenni með fötlun, staðtölur og um daufblindu. NVC hefur einnig umsjón með styrkjakerfi fyrir norrænt samstarf samtaka fólks með fötlun. Sérstök greinargerð um norrænt samstarf um málefni fólks með fötlun var lögð fyrir þing Norðurlandaráðs 2019. Óháð mat á samstarfi um málefni fólks með fötlun er áætlað á árinu 2021.

3.3 Öldrunarmál

Við Norðurlandabúar lifum lengur og hlutfall eldri borgara fer hækkandi. Ráðherranefndin (MR-S) ákvað 2018 að verja verkefnafé á árunum 2019–2021 í nýtt pólitískt forgangsmál, „Hvernig sköpum við meiri samfellu í hjúkrun og umönnun, einkum eldri notenda og sjúklinga“.

Þótt það séu góðar fréttir að við lifum lengur á Norðurlöndum, fylgja því stórar áskoranir. Það á við um húsnæðismál og samgöngur, skipulagsmál, heilsufar, hjúkrun og umönnun. Áhersla forgangsmálsins verður lögð á að skapa aðgengi fyrir alla í samfélaginu og standa vörð um lífsgæði fólks langt fram á elliár. Í ljósi lýðþróunar í heiminum setti Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin (WHO) árið 2010 á fót hnattrænt samstarfsnet, „Age-Friendly Cities and Communities“, en það á að gefa borgum og samfélögum kost á að bera saman reynslu sína af áherslu á virkni og góða heilsu aldraðra. Yfir 800 borgir og samfélög taka þátt í samstarfsnetinu, þeirra á meðal eru ellefu norræn sveitarfélög.

Norræna ráðherranefndin vill stuðla að öflugu norrænu tengslaneti í hnattrænu samstarfi á vegum Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar (WHO). Þess vegna stóð hún að ráðstefnunni „Skapa áldersvænliga städer i Norden“ (Sköpum aldursvænar borgir á Norðurlöndum). Í kjölfarið hafa verið haldnir nokkrir fundir tengslaneta um aldursvænar borgir og næstu fundir eru ráðgerðir í október og desember 2020.



Norræna velferðarmiðstöðin (NVC) gaf út sex þætti í hlaðvarpsþáttaröðinni „Den åldersvänliga staden“ (Aldursvæna borgin) haustið 2019, sjá nánari upplýsingar á vefsíðu NVC: <https://nordicwelfare.org/da/nyheter/lyssna-pa-var-poddserie-om-aldersvanliga-stader/>

Á árinu 2020 hefur verkefnið „Aktivt och hälsosamt åldrande i Norden“ (Virkti og góð heilsa aldraðra á Norðurlöndum), sem NVC hefur umsjón með starfað að fjórum hlutasviðum:

- Samhæfing tengslanetsins „Aldursvænar borgir og samfélög á Norðurlöndum“
- Samkomustaðir fyrir blandaða aldurshópa og íbúðarhúsnæði sem brúar kynslóðabil
- Samhæfing norræns sérfræðingahóps „Vinna gegn einmanaleika og félagslegri einangrun“
- Virkti og góð heilsa aldraðra með aðstoð velferðartækni

Staðið verður fyrir vefnámskeiði um norrænar rannsóknir og aðgerðir til að sporna gegn einmanaleika og einangrun aldraðra í september 2020. Annað vefnámskeið um sama þema er ráðgert í nóvember 2020. Báðir þessir viðburðir eru ráðgerðir í samstarfi við áherslu NVC á velferðartækni.

Kortlagning á framtíðarsýn og stefnumótun norrænu landanna varðandi virkti og góða heilsu aldraðra verður væntanlega tilbúin í september/október 2020.

Norðurlöndin vinna saman að málefnum heilabilunar í Norræna samstarfsnetinu um heilabilun sem tók til starfa 2015 en að því koma yfirvöld landanna og sérfræðistofnanir á sviði heilabilunar. Norræna velferðarmiðstöðin er umsýslustofnun samstarfsnetsins. Samstarfið byggist á stefnum landanna um heilabilun, faglegum stefnumiðum í umönnun heilabilaðra og starfi að heilabilunarmálum á vettvangi ESB og Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar (WHO) sem Norðurlöndin taka einnig þátt í. Nánari upplýsingar um samstarfsnetið er að finna á vefsíðu Norrænu velferðarmiðstöðvarinnar: <https://nordicwelfare.org/valfardspolitik/natverk/>

3.4 Samstarfsnet um síðbúnar afleiðingar kynferðisofbeldis í æsku

Embættismannanefndin (EK-S) stofnaði á árinu 2017 norrænt samstarfsnet um síðbúnar afleiðingar kynferðisofbeldis í æsku. Samstarfsnetið var stofnað í tengslum við afgreiðslu ráðherranefndarinnar (MR-S) á tilmælum Norðurlandaráðs um „Síðbúnar afleiðingar kynferðislegs ofbeldis í æsku“ (13/2015/velferd - A 1645/velferd). Markmið samstarfsnetsins er að efla úrræði fyrir fullorðna sem orðið hafa fyrir kynferðisofbeldi í æsku, meðal annars sem vettvangur miðlunar á þekkingu og reynslu milli helstu aðila á Norðurlöndum og fyrir nýtt norrænt samstarf þar sem það á við. Embættismannanefndin (EK-S) hefur ákveðið að framlengja starfsumboðið til ársloka 2022. Þátttakendur í samstarfsnetinu geta verið fulltrúar yfirvalda, opinberra stofnana og félagasamtaka.



3.5 Starfsemi Norrænu velferðarmiðstöðvarinnar

Norræna velferðarmiðstöðin (NVC) rekur samstarfsverkefni á heilbrigðis- og lýðheilsusviði. Samstarfsráðherrarnir (MR-SAM) fólu einnig Norrænu velferðarmiðstöðinni að starfrækja miðstöð fyrir upplýsingamiðlun um aðlögunarmál til að styðja við norrænt samstarf á því sviði.

NVC sinnir eftirfarandi fjórum meginstarfssviðum: Velferðarstefna, málefni fólks með fötlun, lýðheilsa og aðlögun. Greint er frá starfsemi Norrænu velferðarmiðstöðvarinnar á árinu 2019 í ársskýrslu miðstöðvarinnar sem er að finna hér: <https://nordicwelfare.org/wp-content/uploads/2020/02/%C3%85rsrapport-2019-Nordens-v%C3%A4lf%C3%A4rdscenter.pdf>

Núverandi stefnumótandi starfsumboð Norrænu velferðarmiðstöðvarinnar gildir fyrir tímabilið 2018–2020 og kveður almennt á um framlag miðstöðvarinnar til framkvæmdar samstarfsáætlunar fagsviðsins. Á árinu 2019 var unnið að nýju stefnumiðuðu starfsumboði fyrir starf NVC. Starfsumboðið tiltekur verkefni stofnunarinnar en þau eru að efla miðlun þekkingar og reynslu milli aðila sem starfa á félags- og heilbrigðismálasviði í norrænu löndunum, meðal annars með því að skapa fundarvettvang og starfrækja samstarfsnet en jafnframt að miðla og vekja athygli á þekkingu og bestu starfsvenjum varðandi úrræði og markhópa. Núgildandi stefnumiðað starfsumboð Norrænu velferðarmiðstöðvarinnar er að finna hér: <https://nordicwelfare.org/wp-content/uploads/2018/11/Strategiskt-mandat-for-NVC-2018-2020.pdf>. Nýtt stefnumótandi starfsumboð mun öðlast gildi frá og með 2021.

Á árinu hefur NVC sérstaklega beint sjónum að aðlögun samfélagsins að því að þjóðin eldist, að samfélagi þar sem innflytjendur eru tiltölulega margir og samfélagi þar sem heilsufarslegur ójöfnuður fer vaxandi. NVC hefur meðal annars unnið verkefni á sviði velferðartækni, heilabilunar og aðlögunar. Sem umsýsluaðili fyrir fötlunarráðið hefur NVC einnig fylgt eftir og innleitt starfsemi samkvæmt framkvæmdaáætlun ráðherranefndarinnar um málefni fatlaðra og sem umsýslunaraðili lýðheilsuvettvangsins, hrint ýmsum verkefnum af stað í því skyni að efla norrænt samstarf um lýðheilsu. Á árinu stóð NVC einnig fyrir verkefnum á sviði ávana- og fíkniefnamála.